

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 53. fundur.

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 8. maí. 2013, kl 9:00.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Tillaga að breytingum á Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.
3. Ársreikningur 2012, fyrri umræða.
4. Samþykktir um stjórn og fundarsköp.
5. Erindi frá Gunnari Þór Gunnarssyni vegna sorphirðugjalda.
6. Erindi frá Sigurði Eyberg f.h. sameiginlegs verkefnis Hvalasafnsins og Garðarshólma.
7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 22. apríl.
8. Deiliskipulag í landi Skútustaða II.
9. Skipulagslýsing vegna tillögu að deiliskipulagi í landi Reykjahlíðar.
10. Kjarni.
11. Erindi frá Daða Lange Friðrikssyni f.h. Landgræðslunnar.
12. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn sveitarstjórnar um endurnýjað rekstrarleyfi til handa Sigfúsi Illugasyni.
13. Ramsar og Rauði-listinn.
14. Fundargerð Skólanefndar dags. 11. feb.
15. Fundargerð Skólanefndar dags. 6. maí.

Til kynningar:

Fundargerðir stjórnar Eypings dags. 23. jan., 12. feb., 20. feb. og 19. apríl.

Fundargerð stjórnar Hvamms dags. 29. apríl.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 13, 14 og 15 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

**2. Tillaga að breytingum á Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.**

Með bréfi dags. 27. mars er þeim sem teljast hagsmuna eiga að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við framkomna tillögu að breytingum á Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Tillagan er unnin í samræmi við 12. gr. laga um þjóðgarðinn og byggir á tillögum að breytingum unnum af svæðisráðum fjögurra rekstrarsvæða þjóðgarðsins og í samráði við fjölmarga aðila. Um er að ræða fyrstu breytingu á Stjórnunar- og verndaráætlun frá því hún var staðfest af umhverfisráðherra 2011. Breytingin felur í sér stækkun vestursvæðis þjóðgarðsins auk breytinga á vegum og ákvæðum um hefðbundna landnýtingu, tjöldun, hjólréiðar og fleira. Hluti breytinganna varðar atriði sem bundin eru í reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 608/2008 m.s.br. er því gert ráð fyrir að henni sé breytt til samræmis. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir nokkrar athugasemdir við tillöguna og felur sveitarstjóra að koma þeim á framfæri.

**3. Ársreikningur 2012, fyrri umræða.**

Til fundarins mætti Arnar Árnason, endurskoðandi og fór yfir ársreikninginn. Að lokinni yfirferð var ársreikningnum vísað til síðari umræðu.

**4. Samþykktir um stjórn og fundarsköp, fyrri umræða.**

Vegna breytinga á Sveitarstjórnarlögum þarf að endurskoða og uppfæra samþykktir sveitarfélagsins um stjórn og fundarsköp. Breytingarnar ræddar og vísað til síðari umræðu.

**5. Erindi frá Gunnari Þór Gunnarssyni vegna sorphirðugjalda.**

Með bréfi óskar Gunnar Þór Gunnarsson eigandi tveggja fasteigna að Geiteyjarströnd 2, eftir að greiða einungis eitt sorpgjald fyrir báðar eignirnar þar sem í hvorugu húsinu er föst búseta. Sorpgjald er innheimt með fasteignagjöldum og er ætlað að standa straum af kostnaði við hirðingu og eyðingu sorps. Gjaldið er lagt á íbúðarhúsnæði og frístundahús óháð því hvort eða hversu mikil búseta er í viðkomandi húsnæði enda ómögulegt fyrir sveitarstjórn að fylgjast með því.

Vegna þess sem á undan er rakið telur sveitarstjórn sér ekki fært að verða við erindinu.

**6. Erindi frá Sigurði Eyberg f.h. sameiginlegs verkefnis Hvalasafnsins og Garðarshólma.**

Með bréfi óskar Sigurður Eyberg eftir stuðningsyfirlýsingu frá sveitarstjórn við samstarfsverkefni Garðarshólms og Hvalasafnsins á Húsavík og uppbyggingu því tengdu. Það er ósk stjórnar verkefnisins að Skútustaðahreppur ásamt öðrum sveitarfélögum á norðaustursvæðinu sjái sér hag af því að fá slíka uppbyggingu og í framhaldinu rekstur á svæðið. Til þess að svo megi verða þarf að sýna stjórnvöldum og öðrum mögulegum stuðningsaðilum fram á að almennur vilji sé fyrir slíkri fjárfestingu heima fyrir. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýsir yfir stuðningi við verkefnið án fjárhagslegra skuldbindinga.

## **7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 22. apríl.**

Í fyrsta lið fundargerðarinnar er tekin fyrir að nýju endurskoðuð skipulagslýsing vegna deiliskipulags í Reykjahlíð.

Nefndin leggur áherslu á að það komi skýrt fram í skipulagslýsingu að skipulagsráðgjafar sem annars vegar vinna að deiliskipulagi Reykjahlíðar og hins vegar deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar hafi með sér samstarf þannig að skipulagssvæði myndi samræmda heild. Að öðru leyti leggur nefndin til við sveitarstjórn að skipulagslýsingin verði samþykkt og skipulags- og byggingafulltrúa falin málsmeðferð skv. 3. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010. Pétur Snæbjörnsson vék af fundi nefndarinnar undir þessum lið.

Í öðrum lið er tekin fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi í landi Skútustaða II. Tillagan var auglýst frá og með 18. janúar til og með 1. mars 2013. Athugasemd barst frá

Umhverfisstofnun þar sem óskað var eftir að byggingareitir C og D yrðu færðir fjær gervigígnum til norðurs og væntanlegar byggingar staðsettar næst norðurmörkum reitsins.. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagstillagan með áorðnum breytingum vegna athugasemda Umhverfisstofnunar verði samþykkt og skipulags- og byggingafulltrúa falin málsmeðferð skv. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 123/2010.

Í þriðja lið eru lögð fram til kynningar gögn frá Einari Sæmundsen f.h. Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem gerð er grein fyrir fyrirhugðum veituframkvæmdum sem áætlaðar eru við þjónustusvæði við Dettifoss.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á fyrsta og öðrum lið fundargerðarinnar, liður þrjú þarfnast ekki ályktunar við.

Sveitarstjóri vék af fundi við afgreiðslu á fyrsta lið fundargerðarinnar.

## **8. Deiliskipulag í landi Skútustaða II.**

Fyrir fundinum liggur tillaga að deiliskipulagi í landi Skútustaða II. Um málsmeðferð tillögunnar og athugasemdir er fjallað um í fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 22. apríl s.l.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna með áorðnum breytingum vegna athugasemda Umhverfisstofnunar og felur skipulags- og byggingafulltrúa að annast málsmeðferð vegna gildistöku tillögunnar skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn vill vekja athygli á eftirfarandi vegna fyrri athugasemda Umhverfisstofnunar um deiliskipulagstillöguna þess efnis að vanda þurfi vel uppbyggingu frárennslis með „ítarlegri hreinsun en 2ja þrepa“ og þ.a.l. ákvæðis í deiliskipulaginu þar um. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur ekki tekist að fá skýrar upplýsingar eða leiðbeiningar frá Umhverfis- og auðlindráðuneyti, Umhverfisstofnun eða Heilbrigðiseftirliti, um hvað telst fullnægjandi hreinsun eða til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að uppfylla þetta ákvæði deiliskipulagsins, annað en „þetta er verkfræðileg útfærsla“. Þetta eru þó þeir aðilar sem með málaflokkinn fara. Að framansögðu sér sveitarstjórn ekki að hægt sé að krefjast þess af eigendum Skútustaða II að þeir geri ítarlegri ráðstafanir í fráveitumálum en það sem almenna reglan kveður á um.

## **9. Skipulagslýsing vegna tillögu að deiliskipulagi í landi Reykjahlíðar.**

Fyrir fundinum liggur endurskoðuð skipulagslýsing vegna deiliskipulags í Reykjahlíð sbr. fyrsta lið fundargerðar Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 22. apríl s.l.

Sveitarstjórn samþykkir breytta deiliskipulagslýsingu þar sem brugðist hefur verið við áherslum skipulags- og umhverfisnefndar varðandi samstarf skipulagsráðgjafa sem vinna deiliskipulag Reykjahlíðar annars vegar og deiliskipulagi þéttbýlis Reykjahlíðar hins vegar. Sveitastjórn felur skipulags- og byggingarfulltrúa að leita umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjóri vék af fundi undir þessu lið.

## **10. Kjarni.**

Kjarni ehf. er félag fólks og fyrirtækja í Reykjadal sem hefur það markmiði að efla atvinnulíf á svæðinu. Upphaflega var hluthafahópurinn fyrst og fremst einstaklingar og smærri fyrirtæki

(ferðahjónustuaðilar og bændur á lögbýlum). Síðan hafa Þingeyjarsveit og Sparisjóður Suður-Þingeyinga bæst í hópinn. Um viðskiptahugmyndina er það að segja að í Þingeyjarsýslu er fjöldi verkefna á sviði matvælaframleiðslu í gangi eða á áætlunarstigi. Mörg þeirra hafa þörf fyrir gæðavottaða aðstöðu og tækjabúnað þar sem hægt er að stunda bæði vöruþróun og framleiðslu. Með hliðsjón af þessu ákvað hluthafafundur Kjarna ehf. að ráðast í að koma upp aðstöðu til þess að mæta þessari þörf framleiðenda á svæðinu. Í stuttu máli hyggst félagið koma upp vottaðri aðstöðu til vöruþróunar og matvælaframleiðslu og leigja framleiðendum eftir því sem þeir hafa þörf fyrir, en gerir ekki ráð fyrir að hafa nein afskipti af vinnslu og vöruþróun. Verkefninu er þannig ætlað að stuðla að fjölbættari nýtingu bújarða, m.a. með því að gera ábúendum kleyft að fullvinna afurðir sínar á eigin forsendum og auka þannig arðsemi búanna. Það stuðlar að fjölgun atvinnutækifæra og rennir frekari stoðum undir búsetu í héraði.

Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir kaupum á hlut í Kjarna ehf. fyrir kr. 50. þús.

#### **11. Erindi frá Daða Lange Friðrikssyni f.h. Landgræðslunnar.**

Í bréfi dags 23. apríl kemur fram að Landgræðslan hafi unnið að lagfæringum á göngustígum og umhverfi í Dimmuborgum. Búið er að malbika hluta af stígnum frá Borgarási og í sumar stendur til að klára hann niður að Hallarflöt. Ákveðið var að leggja hitalagnir í hluta af stígnum frá þjónustumiðstöðinni og niður brekkuna að skiltunum. Landgræðslan óskar eftir leyfi sveitarstjórnar til að tengja þessar lagnir við hitaveitu sveitarfélagsins og að Skútustaðahreppur styrki uppbyggingu í Dimmuborgum með þeim hætti að greiða fyrir það vatn sem notað verður í snjóbræðslu.

Sveitarstjórn fagnar fyrirhugðum framkvæmdum og því sem vel hefur verið gert í uppbyggingu svæðisins og samþykkir að heimila tengingu lagna í göngustíg í Dimmuborgum við hitaveitu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn sér hins vegar ekki fært að styrkja verkefnið um heitt vatn til rekstur snjóbræðsluferfisins og minnr á að Dimmuborgir eru friðlýst svæði á forræði Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og tveggja ríkisstofna þess þ.e Umhverfisstofnunar og Landgræðslu ríkisins, eðlilegt er því að fjármagn til reksturs svæðisins sé sótt til ráðuneytisins.

Friðrik vék af fundi undir þessum lið.

#### **12. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn sveitarstjórnar um endurnýjað rekstrarleyfi til handa Sigfúsi Illugasyni.**

Með bréfi óskar sýslumaður eftir umsögn sveitarstjórnar á endurnýjuðu rekstrarleyfi til handa Sigfúsi Illugasyni til reksturs gistingar að Bjargi. Gististaður flokkur I. Sveitarstjórn samþykkir umbeðið leyfi fyrir sitt leyti.

#### **13. Ramsar og Rauði-listinn.**

Undanfarið hefur verið mikil umfjöllun um þá ákvörðun Umhverfisstofnunar að setja verndarsæðið við Mývatn og Laxá á Rauða-lista stofnunarinnar. Eins hafa staðið yfir viðræður milli Umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Umhverfisstofnunar um kærú Landverndar og Fuglaverndunarfélags Íslands til Ramsar skrifstofunnar um áhrif hugsanlegrar Bjarnarflagsvirkjunar á lífríki Ramsarsvæðisins.

Í öllu þessu ferli hefur ekki verið haft samband við sveitarstjórnir frekar en aðra íbúa sveitarfélagana sem um ræðir þ.e. Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Norðurþings, og málin kynnt fyrir þeim.

Af þessu tilefni gæti sveitarstjórn Skútustaðahrepps ályktað sem svo að þessi tvö umræddu mál komi heimamönnum ekkert við. Það er mjög gagnrýniverð að sveitarstjórnir og íbúar svæðisins hafi alla sína vitneskju um málin úr fjölmiðlum.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fer fram á að það við Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Umhverfisstofnun að staða mála verði skírð hið fyrsta fyrir sveitarstjórnunum og íbúum svæðisins.

#### **14. Fundargerð Skólanefndar dags. 11. feb.**

Í öðrum og þriðja lið fundargerðarinnar eru rædd málefni grunn- og leikskóla, sagt frá fyrirhugaðri vorferð 9-10 bekkjar grunnskólans og starfinu framundan. Einnig var farið fyrir sumarstarf leikskólans og frá því sagt að í leikskólanum eru 18 börn í 26 barnagildum og auk þess eru tvö börn sem bíða eftir plássi.

Í fjórða lið eru lögð fram drög að Skólafund Skútustaðahrepps og vísað til næsta fundar. Undir liðnum önnur mál leggur Sigurður fram eftirfarandi bókun:

„Við undirritaðir, skólanefndarfulltrúar í skólanefnd Skútustaðahrepps beinum þeim tilmælum til sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, að hún fari sér hægt í málefnum er varða fyrirhugða Bjarnarflagsvirkjun. Margir óvissuþættir, sem m.a. varða loftmengun frá virkjuninni, valda nefndarmönnum áhyggjum enda Reykjahlíðarskóli í fárra kílómetra fjarlægð frá umræddri virkjun. Ekki er ljóst hvort slík loftmengun gæti valdið skólabörum okkar vandkvæðum og jafnvel leitt til sjúkleika. Nauðsynlegt er að fram fari ítarlegar rannsóknir á öllum mengunarpáttum frá virkjuninni áður en til framkvæmda kemur, svo öryggi skólabarna sem og annarra íbúa í Skútustaðahreppi sé tryggt.“

Sigurður Böðvarsson og Eypór Pétursson.

Fram kemur að nokkrar umræður hafi orðið um bókunina.

Ekkert í fundargerð Skólanefndar þarfnast ályktunar við. Sveitarstjórn áréttar að skv. erindisbréfi ber nefndinni að funda einu sinni í mánuði á skólatíma. Þá ítrekar sveitarstjórn að fundargerðir eiga að berast sveitarstjórn svo fljótt sem verða má.

Varðandi bókun Sigurðar og Eypórs vill sveitarstjórn áréttar að ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um hvort virkjað verður í Bjarnarflagi. Ef til þess kemur hlýtur þess að vera gætt að hún hafi ekki heilsuspillandi áhrif á íbúa svæðisins.

#### **15. Fundargerð Skólanefndar 6. maí.**

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að skólastjóri leggi til að skipulag kennslu og aksturs verði með svipuðu sniði skólaárið 2013-2014 og þess sem nú líkur senn. Ekki er gert ráð fyrir að breytingar verði á starfslíði skólans að öðru leyti en því að annar skólaliðanna hefur sagt upp störfum auk þess sem gert er ráð fyrir breytingu á starfshlutfalli skólaliða. Þá fór skólastjóri yfir skóladagatal næsta árs og sagði frá því að ef að Skólanefnd samþykkir tvöfalda skóladaga sé það leyfilegt.

Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við tillögur skólastjóra.

Undir þessum lið er líka rætt um útleigu skólans en fram kom að engar reglur eru til þar um og óskar skólastjóri eftir að úr því verði bætt. Þá er vakin athygli á því að næsta haust eru 20 ár síðan Reykjahlíðarskóli var tekinn í notkun og leggur Skólanefnd að haldið verði upp á tímamótin.

Í þriðja lið fór leikskólastjóri yfir málefni leikskólans, sumarleyfi starfsmanna dreifast vel og ekki víst að það þurfi að ráða afleysingafólk. Í haust er gert ráð fyrir fagnámskeiði fyrir starfsfólk leikskóla og leggur nefndin til að ófaglært starfsfólk leikskólans taki þátt í því. Verið er að skoða samræmingu starfsdaga leik- og grunnskóla.

Í fjórða lið eru tekin fyrir málefni tónlistarskólans. Fram kemur að aukning hafi orðið í nemendafjölda frá haustinu. Bóas lýkur störfum 10 maí og mun tónlistarskólastjóri sjá um kennslu hjá hans nemendum.

Í fimmta lið er rætt um skólafundina og verður því framhaldið á næsta fundi nefndarinnar. Sveitarstjórn samþykkir annan og þriðja lið fundargerðarinnar. Aðrir liðir þarfnast ekki ályktunar við.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Eyrún Björnsdóttir,

Friðrik K. Jakobsson.